

**BORGARRÁÐ 24. nóvember 2022: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hlunnindabifreiðar og launakjör framkvæmdastjóra SORPU - MSS22110213**

Fram kemur undir lið 3 og 4 í fundargerð SORPU frá 21. október að staða “hlunnindabifreiða” er kynnt og á dagskrá er einnig launakjör framkvæmdastjóra sem er haldið leyndum. Fyrirspurn frá Flokki fólksins vegna hlunnindabifreiða. Hvað er átt við með hlunnindabifreiðum? Hverjir fá aðgang að slíkum bifreiðum? Eru umtalsverð hlunnindi í gangi í SORPU og fyrir þá hverja? Fyrirspurn um launakjör framkvæmdastjóra: Af hverju eru launakjör framkvæmdastjóra trúnaðarmál? Flokkur fólks vill fá upplýsingar um hver launakjör framkvæmdastjóra eru?